



Héraðsnefnd Árneseinga bs.

34. fundur haldinn á Hótel Örk í Hveragerði 28. apríl 2025

1. Fundarsetning

Helgi Kjartansson, formaður Héraðsnefndar Árneseinga bs., setur fundinn og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Einnig leggur hann til að formaður verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir, verði fundarritari, er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

2. Skýrsla og fundargerðir framkvæmdastjórnar

Helgi Kjartansson formaður fer yfir fundargerðir framkvæmdastjórnar nr. 25. frá 14. október, nr. 26 frá 17. desember nr. 27 frá 4. febrúar nr. 28 frá 24. mars, nr. 29 frá 15. apríl ásamt 33. fundargerð héraðsnefndar frá 15. október.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Fundargerðir eru bornar upp til samþykktar og samþykktar samhljóða.

3. Stjórnskipulag Héraðsnefndar Árneseinga

Á haustfundi Héraðsnefndar Árneseinga var samþykkt að fela framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árneseinga ásamt stjórnnum Listasafnsins, Héraðsskjalasafnsins og Byggðasafnsins að taka saman kosti og galla við að sameina söfnin í eitt byggðasamlag og að niðurstaða greiningarinnar yrði lögð fyrir vorfund Héraðsnefndar 2025.

Haldnir voru tveir fundir þann 27. febrúar og 18. mars og var niðurstaðan eftirfarandi:

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar og stjórnir Listasafnsins, Byggðasafnsins og Héraðsskjalasafnsins leggja til að stofnuð verði byggðasamlög um hvert safn fyrir sig. Fundurinn samþykkir jafnframt að fela framkvæmdastjórn Héraðsnefndar að hefja undirbúning að samþykktum fyrir byggðasamlögin og þau verði lögð fyrir vorfund Héraðsnefndar til afgreiðslu.

Til máls tekur auk formanns Kristín Scheving.

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögfræðingur kemur inn á fundinn og fer yfir samþykktir fyrir Listasafn Árnesinga, Byggðasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Árnesinga sem liggja fyrir fundinum. Steinunn Erla svarar fyrirspurnum ásamt formanni.

1.) Tillaga að samþykktum fyrir Listasafnið lagðar fram til afgreiðslu

Steinunn Erla fer yfir samþykktir fyrir Listasafn Árnesinga og ræðir um helstu áherslur fyrir safnið og svarar fyrirspurnum. Rætt er um hvernig skal fara með eignarhluti ef sveitarfélag segir sig úr samlaginu, einnig hvernig samningur er við sveitarfélag sem segir sig úr samlagi og ef samlaginu yrði slitið. Rætt er um að samþykktin fari til yfirlestrar hjá Safnaráði og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti.

Til máls tekur auk formanns Kristín Scheving.

2.) Tillaga að samþykktum fyrir Byggðasafnið lagðar fram til afgreiðslu

Steinunn Erla fer yfir samþykktir fyrir Byggðasafn Árnesinga og ræðir um helstu áherslur fyrir safnið og svarar fyrirspurnum. Rætt er um hvernig skal fara með eignarhluti ef sveitarfélag segir sig úr samlaginu, einnig hvernig samningur er við sveitarfélag sem segir sig úr samlagi og ef samlaginu yrði slitið.

Til máls taka auk formanns Árni Eiríksson, Kjartan Björnsson, Bragi Bjarnason, Lýður Pálsson og Arnar Freyr Ólafsson.

3) Tillaga að samþykktum fyrir Héraðsskjalasafnið lagðar fram til afgreiðslu

Steinunn Erla fer yfir samþykktir fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga og ræðir um helstu áherslur fyrir safnið og svarar fyrirspurnum. Rætt er um aðild nýrra sveitarfélaga, úrgöngu og slit. Einnig er rætt um skil og afhendingu á gögnum ef sveitarfélag segði sig úr byggðasamlaginu og geymslu á skjölum frá SASS, sem nær út fyrir starfssvæði safnsins.

Til máls taka auk formanns Þorsteinn Tryggvi Másson, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Haraldur Þór Jónsson, Bragi Bjarnason, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Kjartan Björnsson, Árni Eiríksson, Grétar Ingi Erlendsson og Sveinn Ægir Birgisson.

Lagt er til að afgreiðslu á samþykktum fyrir söfnin verði vísað til seinni umræðu en að haldinn verði vinnufundur til að leggja lokahönd á samþykktirnar ásamt því að fá yfirlestur frá þeim aðilum sem við á. Samþykktirnar verða lagðar fram til staðfestingar á næsta haustfundi Héraðsnefndar.

Er það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

4) Hlutverk Héraðsnefndar Árnesinga

Á haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga var samþykkt að fela framkvæmdastjórn að skoða þá valkosti og koma með tillögu að stjórnfyrirkomulagi HÁ

Formaður tekur til máls og ræðir um fyrirkomulagið. Spurning hvort það eigi að stofna starfshóp sem myndi leggja til hvernig fyrirkomulagi skuli háttað. Það er fyrirséð að GOGG ætlar að hætta með bókhaldið fyrir söfnin og tónlistarskólann þar þarf því að finna því nýtt fyrirkomulag.

Til máls taka auk formanns Bragi Bjarnason og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir.

4. Byggðasafn Árnesinga

Lýður Pálsson safnstjóri Byggðasafns Árnesinga kemur inn á fundinn.

a) Ársreikningur ársins 2024

Lýður fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum.

Til máls taka auk formanns Arnar Freyr Ólafsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Þórhildur Dröfn Ingvadóttir.

Reikningurinn er lagður fram og staðfestur.

b) Fundargerðir stjórnar Byggðasafnsins lagðar fram til kynningar.

Lýður fer yfir fundargerðir stjórnar nr. 15 frá 20. febrúar, og nr. 16 frá 24. mars sem eru lagðar fram til kynningar.

c) Ársskýrsla 2024

Lýður segir að öflugt safnastarf hafi verið unnið árið 2024 í samræmi við stofnskrá á sviði varðveislu, skráningar og innra starfs. Á safninu fer fram forvarsla, rannsóknir, ráðgjöf og upplýsingargjöf, umsýsla safnmuna, undirbúningur og gerð sýninga ásamt frágangi á þeim. Skráning fer fram í gegnum gagnagrunninn Sarp en átak hefur verið í gangi um myndvæðingu færslna í Sarpinn.

Sýningar ársins voru fimm. Á þorra var haldin sýning fyrir leikskóla og yngstu bekki grunnskóla, sett var upp ljósmyndasýningin Ef garðálfar gætu talað, sumarsýningin var Konurnar á Eyrarbakka. Í Sjóminjasafninu var sett upp sýningin Gullspor og í borðstofunni var sett upp hefðbundin

jólasýning á aðventu. Margir viðburðir voru í safninu á árinu og voru þeir auglýstir á samfélagsmiðlum. Átak var gert í markaðssetningu á safninu og var gefin út kynningarbæklingur og ný heimasíða tekin í notkun.

Safnið sér um sýningarhald í Þuríðarbúð en þar má enga safngripi sýna. Að lokum ræðir hann Byggðasafnið í Gröf í Hrunamannahrepp.

Til máls tekur auk formanns Jón Bjarnason.

5. Héraðsskjalasafn Árnesinga

Þorsteinn Tryggvi Másson, safnstjóri Héraðsskjalasafns Árnesinga kemur inn á fundinn.

1) Ársreikningur ársins 2024

Þorsteinn fer yfir ársreikning.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Reikningurinn er lagður fram og staðfestur.

2) Fundargerðir stjórnar Héraðsskjalasafnsins lagðar fram til kynningar.

Þorsteinn fer yfir fundargerð stjórnar frá 9. apríl sem eru lögð fram til kynningar.

3) Ársskýrsla 2024

Þorsteinn fer yfir starfsáætlun safnsins. Það er mikið skilað inn af gögnum, bæði frá sveitarfélögunum sem eru mörg hver farin að huga að rafrænum skilum ásamt öðrum aðilum. Þorsteinn ræðir um safnmuni sem voru í eigu Helga Ívarssonar frá Hólum en verið er að skoða, skrá og verðmeta mynt- og seðlasafn hans. Það eru einstakir seðlar í þessu safni, Seðlabankinn og aðrir sem koma að myntsöfnun hafa sýnt þessu áhuga. Hluti af þessu safni verður aðgengilegur á vefnum.

Námskeið var haldið í grúski sem var mjög vel sótt og stendur til að halda það aftur næsta haust. Fyrirhugað er að fara í flutninga á Flúðir en verið er að vinna í að standsetja húsnæði, fyrirhugað að hefja flutninga í september, vonast er til að flutningarnir hafi ekki mikil áhrif á starfsemi safnsins.

Ræðir Þorsteinn um viðauka sem stjórn óskar eftir vegna flutninganna.

Stjórn Héraðsskjalasafn Árnesinga óskar eftir viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2025 kr. 22.050.000,- er það tilkomið vegna húsaleigusamnings við Hrunamannahrepp ásamt kaupum á þéttiskápum og flutningi á safnagögnum. Þessum kostnaðarauka er mætt með hækkun á

framlagi HÁ kr. 10.500.000,- og 11.550.000,- er tekið af eigið fé safnsins. Rekstrarniðurstaða safnsins með viðauka verður því neikvæð um 10.653.088,- árið 2025.

Viðauki við fjárhagsáætlun 2025 er borin undir atkvæði og samþykktur samhljóða. Viðaukann þarf að senda aðildarsveitarfélögum til staðfestingar.

Húsaleigu samningur við Hrunamannahrepp er lagður fram til samþykktar og er hann samþykktur samhljóða og um leið er samþykkt að hann verði sendur sveitarfélögunum ásamt fylgigögnum til staðfestingar.

Til máls tekur auk formanns Jón Bjarnason.

4) Húsnæðismál

Þorsteinn sagði frá húsnæðismálum fyrr á fundinum.

6. Listasafn Árnesinga

Kristín Scheving, safnstjóri Listasafns Árnesinga, kemur inn á fundinn.

1) Ársreikningur ársins 2024

Kristín fer yfir ársreikning.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Reikningurinn er lagður fram og staðfestur.

2) Fundargerðir stjórnar Listasafnsins lagðar fram til kynningar.

Kristín fer yfir fundargerðir stjórnar frá 26. febrúar og 28. mars sem eru lagðar fram til kynningar.

3) Ársskýrsla 2024

Kristín segir frá síðasta ári. Hægt er að fara á heimasíðu safnsins og heimsækja það með 360° tækni og sjá þannig allar sýningar. Með þessari tækni er hægt að sýna þeim aðilum sem ekki geta komið sjálfir á safnið sýningar sem eru í gangi. Vefur safnsins er með mikið af upplýsingum m.a. um viðburði, námskeið og smíðjur sem framundan eru en safninu er bæði fylgt af innlendum og erlendum aðilum. Heimasíðan er uppfærð mjög reglulega og er komin dagskrá fram á næsta ár. Eins er hægt að skoða liðnar sýningar og safnaeign.

Það komu yfir 20 þúsund gestir á safnið á árinu og hafa opnanir verið vel sóttar. Einnig komu að auki 1200 börn í heimsókn. Hún segir eitt af stóru verkefnum safnsins sé að ná til sem flestra unglinga.

Þau eru duglega að afla styrkja og einnig hefur húsnæðinu verið breytt.

Safnið hlaut Menningarverðlaun Hveragerðisbæjar sl. ár. Eins hafa þau fengið góða og jákvæðar umræður í blöðum.

Starfsemi safnsins er mjög öflugt miðað við hvað það eru fáir starfmenn sem þar vinna. Á þessu ári hafa verið opnaðar fjórar sýningar en tvær þeirra eru á rafrænu formi og eru með tenginu erlendis. Einnig var haldin vel heppnuð pólsk hátíð en hún var m.a. styrkt af SASS.

4) Húsnæði Listasafnsins – viðhaldsmál sbr. ákvörðun á haustfundi

Á haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga var samþykkt að fela stjórn Listasafns Árnesinga, í samvinnu við fasteignafulltrúa Hveragerðisbæjar, að leita eftir tilboðum í viðgerð á þaki og þakgluggum húsnæðis listasafnsins. Ef ásættanleg tilboð fengist í verkið, yrði gerður samningur við tilboðsgjafa með fyrirvara um samþykki héraðsnefndar, samningur yrði lagður fyrir vorfund 2025, þannig að viðgerðir gætu farið fram sumarið 2025.

Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður stjórnar segir frá því að það er búið að senda fyrirspurnir á hönnuði húsnæðis safnsins varðandi fyrirhugaða fækkun þakglugga en ekki hefur fengist svar frá þeim aðila. Það er því áfram unnið að því að fá niðurstöðu í það áður en hægt verður að fá tilboð í verkið. En sannarlega þarf að fara í lagfæringar á húsinu sem allra fyrst.

Til máls taka auk formanns Grétar Ingi Erlendsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Jón Bjarnason og Haraldur Þór Jónsson.

7. Almannaþingarnefnd Árnessýslu

1) Fundargerðir stjórnar almannaþinganna lagðar fram til kynningar

Engar fundargerðir eru lagðar fram.

2) Ársreikningur ársins 2024

Bragi Bjarnason fer yfir ársreikning. Reikningurinn er lagður fram og staðfestur.

8. Ársreikningur Héraðsnefndar 2024

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður HÁ fer yfir ársreikninginn og leggur hann fram til samþykktar og undirritunar.

Ársreikningur 2024 er og staðfestur.

9. Málefni Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Sbr. bókun frá vorfundi 2024 sem haldinn var á Flúðum.

Á vorfundi Héraðsnefndar Árnesinga 2024 var samþykkt að ræða hvort leggja ætti fyrir fjármagn vegna stækkunar á verknámshúsi við Fjölbrautaskóla Suðurlands eins og gert var vegna núverandi byggingar verknámshúss Hamars.

Sveinn Ægir Birgisson, tekur til máls og ræðir um málefni FSu og fjölgun nemenda í verknámi.

Til máls taka auk formanns Haraldur Þór Bjarnason, Helga Lind Pálsdóttir, Jón Bjarnason og Kjartan Björnsson.

Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga leggur fram eftirfarandi áskorun:

Héraðsnefnd Árnesinga skorar á Mennta- og barnamálaráðherra að hefja þegar í stað, undirbúning að hönnun og stækkun á verknámshúsi Fjölbrautarskóla Suðurlands (FSu). Aukin aðsókn hefur verið í iðn- og starfsnám við skólann undanfarin ár og annar núverandi húsnæði ekki þeirri eftirspurn.

Rík hefur er fyrir iðn- og starfsnámi við skólann og gegnir verknámshúsið mikilvægu hlutverki við kennslu nemenda á öllu Suðurlandi. Auk þess er gert ráð fyrir því að eftirspurn eftir iðn- og tækninámi halda áfram að vaxa á næstu árum og því er stækkun verknámshússins aðkallandi til að styrkja það öfluga atvinnulíf sem er á Suðurlandi og Suðvesturhorninu.

Sveitarfélög í Árnessýslu eru tilbúin til frekara samtals og samvinnu um málið.

10. Erindi Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands dags. 25. mars 2025

Erindi frá Sinfóníuhljómsveit Suðurlands þar sem óskar er eftir fjárstuðningi fyrir skólatónleikum sem haldnir eru í öllum grunnskólum í sýslunni.

Héraðsnefnd Árnesinga þakkar fyrir erindið en nefndin styrkir ekki einstök verkefni og getur því ekki orðið við styrkbeiðninni.

Fundi Héraðsnefndar slitið kl. 12:08.

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus
Helga Lind Pálsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg

Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði
Halldór Benjamín Hreinsson, Hveragerði
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði
Hrönn Guðmundsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari